

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Keflavíkur, auðkenni sund að húsinu Austurgata 8 með viðeigandi umferðarmerkingu til að koma í veg fyrir, að ökutæki loki því við Hafnargötu.

Hann skal sýkn af skaðabótakröfu stefnanda.

Málskostnaður falli niður. Málflutningslaun talsmanns stefnanda, hr. Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmans, kr. 33.600.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. nóvember 1965.

Nr. 187/1965. Valdstjórnin

gegn

Guðleifi Guðmundssyni og

Víkingi Halldórssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 27. október þ. á., sem hingað barst 30. s. m., hafa varnaraðiljar samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og þeir látnir lausir úr gæzluvarðhaldi. Svo krefjast þeir og kærumálskostnaðar.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu
26. október 1965.

Aðfaranótt þriðjudagsins 19. október s.l. urðu þeir atburðir í Ólafsvík á Snæfellsnesi, að eldur kom upp í verzlunarhúsi Kaupfélags Snæfellinga við Ólafsbraut, kl. tæplega 6 að morgni. Jafnframt gerðist það sömu nótt, að brotin var rúða í vörugeymsluhúsi Kaupfélags Snæfellinga á gaffli þeim, sem snýr að húsi því, sem brann. Hvarf þaðan peningakassi lítill, sem geymdur var innanvert við gluggann. Á hinni brotnu rúðu var blóð, þó ekki svo mikið, að unnt væri að ákvarða blóðflokk samkvæmt því. Enn varð það um miðnætti þessa nótt, að brotitzt var inn í bifreið og stolið þaðan 1 flösku af genever. Loks varð það, um kl. 4.30 þessa nótt, að ekið var á girðingu umhverfis Grundarbraut 6 í Ólafsvík. Vitað er, að kærðu, Guðleifur Guðmundsson og Víkingur Halldórsson, voru ölvaðir á ferli umrædda nótt. Hafa þeir viðurkennt eftir nokkurt þóf, að hafa unnið tvo hina síðargreindu verknaði, en telja sig lítið sem ekkert muna af atburðum, sem urðu milli kl. 4 og 6 téða nótt. Á hægri hendi kærða Víkings er allmikið sár, er hann hefur hlotið um nóttina án þess að gefa á því fullnægjandi skýringu. Um kl. 6—6.30 á þriðjudagsmorgun eru báðir hinir kærðu mættir á brunastað án mikilla ölvunareinkenna, að sögn vitna.

Þar sem hér er um mjög viðurhlutamikil mál að ræða og beint fjárhagstjón af brunanum, sem talið er nema um 7 milljónum króna, en kærðu hafa ekki gefið viðhlítandi skýringu á dvalarstað sínum eða ferðum á áðurnefndu tímabili, lítur rétturinn svo á, að óhjákvæmilegt sé að úrskurða þá í gæzluvarðhald, meðan frekari rannsókn málsins fer fram.

Því úrskurðast:

Kærðu, Guðleifur Guðmundsson og Víkingur Halldórsson, skulu sæta gæzluvarðhaldi í 2 mánuði.